

6. mars 1987

131

Nr. 89

## AUGLÝSING

um almennar kosningar til Alþingis 25. apríl 1987.

Samkvæmt lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um breyting á þeim lögum, nr. 2 5. mars 1987, skulu almennar reglulegar kosningar til Alþingis fara fram 25. apríl 1987.

Samkvæmt heimild í 1. málsg. 23. gr. kosningalaganna er ákveðið að hver sveitarstjórn skuli hafa lagt fram kjörskrá eigi síðar en 13. mars 1987, og skal auglýsa hvar kjörskrá verður lögð fram eigi síðar en daginn áður. Kjörskrá skal liggja frammi í fjórar vikur.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 2 5. mars 1987 rennur frestur til að afhenda sveitarstjórn kærú vegna kjörskrár út 6. apríl 1987, og skal sveitarstjórn skera úr aðfinnslum við kjörskrána á fundi eigi síðar en 13. apríl 1987.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. mars 1987.*

Jón Helgason.

*Ólafur W. Stefánsson.*

6. mars 1987

## AUGLÝSING

Nr. 90

um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Listabókstafir stjórnmalasamtaka, sem buðu fram við alþingiskosningar 23. apríl 1983, voru þessir:

- A-listi Alþýðuflokks
- B-listi Framsóknarflokks
- C-listi Bandalags jafnaðarmanna
- D-listi Sjálfstæðisflokks
- G-listi Alþýðubandalags
- T-listi utan flokka, sérframboð sjálfstæðra í Vestfjarðakjördæmi
- V-listi Samtaka um kvennalista

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 2 5. mars 1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. mars 1987.*

Jón Helgason.

*Ólafur W. Stefánsson.*